

Skilgreining á kynferðisbroti

Með hugtakinu kynferðisbrot er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum og í barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Kynferðislegt ofbeldi er ániðsla þar sem gerandi beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi ágangur getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í þvingun, handahófskennda frelsissviptingu eða fullframið nauðgunarbrot í skilningi almennra hegningarlaga.

Kynferðisleg áreitni er þegar kynferðislegum athöfnum, orðum eða táknum er beitt gegn vilja þess sem fyrir áreitninni verður og hlýtur að henni skaða. Áreitnin getur verið líkamleg, með orðum eða táknræn.

Kynferðisleg áreitni getur falið í sér misnotkun á valdi, styrk eða stöðu geranda þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá vinnuhótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm og ekki á jafnræðisgrundvelli.

Viljir þú leggja fram kvörtun vegna kynferðisbrots

Hafðu samband við fagráð ef þú telur þig hafa orðið fyrir kynferðisbroti eða áreitni af hálfu starfsmanns kirkjunnar. Gefðu upp nafn og símanúmer á netfangið: **fagrad@trufelog.is** Haft verður samband við þig eins fljótt og auðið er.

Fullorðin manneskja ákveður sjálf hvort hún leggur fram kæru en í tilfelli barna eru barnaverndarlögin skýr.

**Viðbrögð við
kynferðisbroti
innan kristinna kirkna**



Samstarf kristinna kirkna um fagráð

Ýmsar kristnar kirkjur (sjá trufelog.is) hafa í samstarfi samþykkt starfsreglur sem taka skýrt fram að kynferðisáreitni og kynferðisofbeldi er ekki liðið.

Þau sem að þessu samstarfi standa vilja þekkja og vera meðvituð um þá áhættuþætti sem finnast í þessum málum.

Þau vilja gera allt sem þau geta til að koma í veg fyrir kynferðisbrot á sínum vettvangi.

Í þeim tilgangi hafa kirkjurnar sameinast um stofnun fagráðs sem hægt er að vísa kynferðisbrotamálum til sem kunna að hafa átt sér stað innan kirknanna.

Einnig hafa kirkjurnar stofnað félag sem vinnur að fræðslu og forvörnum á þessu sviði.

Þegar grunur vaknar um vanrækslu eða kynferðisbrot gegn börnum að 18 ára aldri ber umsvifalaust að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum.

Hægt er að hringja í Neyðarlínuna 112.

Viðbrögð kirkjunnar þegar greint er frá kynferðisbroti

- Kirkjan viðurkennir strax að slíkt geti átt sér stað.
- Kirkjan fullyrðir strax að brot sé litið alvarlegum augum vegna þess að það hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir því verður.
- Kirkjan er með fagráð skipað fagfólki á þessu sviði.
- Fagráðið veitir þolanda áheyrn eins fljótt og auðið er og tekur reynslu hans alvarlega.
- Fagráð kemur málinu í réttan farveg.
- Mæli lög ekki á annan veg er starfsmönnum kirknanna og fagráði skylt að gæta trúnaðar.
- Engar ásakanir má afgreiða á „heimavelli“.

Hlutverk fagráðs er eftirfarandi:

- Að fjalla um mál sem vísað er til fagráðs.
- Að fylgja eftir að mál, sem snerta kynferðisbrot og upp koma innan kirkjunnar, fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum fagráðsins.
- Að hlusta á umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái þann stuðning sem við á hverju sinni.
- Að vera þeim sem eru í forsvari kirknanna til ráðgjafar um mál sem tengjast kynferðisbrotum.

Fagráð er skipað fimm einstaklingum sem hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum.

Farvegur mála – leiðir sem koma til greina

- Máli er vísað beint til lögreglu eftir fund fagráðs með þolanda óski hann þess.
- Óski þolandi ekki eftir að leggja fram formlega kæru skal fagráð gera þeim, sem eru í forsvari fyrir kirkjuna þar sem brot á að hafa átt sér stað, grein fyrir umkvörtunarefninu - þó aðeins að fengnu samþykki þolanda.
- Í sérstökum tilvikum, og þá í samráði við þolanda, er fagráði heimilt að vísa honum til sérfræðings til frekari ráðgjafar og stuðnings, án þess að mál sé að öðru leyti skráð eða unnið frekar.
- Máli lýkur án frekari aðgerða, að höfðu samráði við þolanda.